



Reykjavík, 16. júní 2021
R21060151
420
ívs

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttir, fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um plastlausa Reykjavík 2026

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Maríu Möller Atladóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og heilbrigðisráði að hefja vinnu við að gera Reykjavík að plastlausri borg ekki seinna en árið 2026. Miða skal við að vinna við það hefjist ekki seinna en haustið 2021 og gefast þá fimm ár í að ná settu markmiði.

Greinargerð:

Reykjavík ætti að gerast plastlaus borg vegna þess að jörðin er að deyja út af mannfólki sem er að menga á fullu og er plastmengun gríðarlega stór hluti af því vandamáli. Plast í umhverfinu drepur dýr og aðra náttúru, er óumhverfisvænt í framleiðslu og illendurvinnanlegt. Ísland er þekkt fyrir að vera frekar umhverfisvænt með okkar endurnýjanlegu orkugjafa og ætti Reykjavík einnig að beita sér fyrir því að vera leiðandi á sviði umhverfismála á heimsvísu. Framtíðarkynslóðir eiga rétt á góðri framtíð.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið

Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af umhverfis- og heilbrigðisráðs fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.

Umsögn um tillögu fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um plastlausu Reykjavík 2026.

Lögð var fram sú hugmynd á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 að hefja skuli vinnu við að gera Reykjavík að plastlausri borg og að það markmið náist ekki seinna en árið 2026. Tillagan var send umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar sem vísaði henni til skrifstofu umhverfisgæða, grænna skrefa, til umsagnar.

Borgarfulltrúarnir Marta Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson lögðu fram sambærilega tillögu 31.10.2018 í Umhverfis- og heilbrigðisráði um að minnka mengun af völdum plastics og draga úr notkun þess. Tillögunni var vísað til starfshóps um aðgerðir gegn umbúðasóun.

Aðgerðaráætlun varð til en aldrei fullunnin og síðustu misseri hafa tillögur þessa starfshóps runnið yfir í önnur verkefni eins og aðgerðaráætlun um hringrásarhagkerfið.

Er það raunhæft að Reykjavíkurborg verði algjörlega plastlaus árið 2026?

Undirrituð er sammála ungmennaráði Grafarvogs um að það sé nauðsynlegt að borgin stefni að því að minnka plastmengun og sjá til þess að það skaði ekki náttúru og dýralíf. En markmiðið „að gera Reykjavík að plastlausri borg“ er stórt og óljóst hvernig við ættum að takast á við þetta verkefni. Hvað ættum við að miða við, hvers konar plastnotkun og hvar? Kannski náum við því að verða algjörlega plastlaus árið 2026, ef við skilgreinum sýnina, stefnuna og markmiðin.

Staðan núna hjá Reykjavíkurborg hvað varðar aðgerðir gegn plastnotkun:

Í kjölfarið á samþykkt Græna plansins hafa ýmiss konar starfshópar verið settir á laggirnar sem móta eiga tillögur um umhverfisvænar aðgerðir sem borgin getur gripið til og samrýmast Græna planinu. Í þessari vinnu hefur vissulega verið tekið tillit til plastnotkunar og ýmsar aðgerðir mótaðar til þess að draga úr notkun plastics í rekstri borgarinnar.

- Starfshópur um hringrásarhagkerfið skilaði frá sér tillögum vorið 2021 og eru þær nú til umfjöllunar. Aðgerð 11 miðar að því að draga úr plastnotkun hjá Reykjavíkurborg. Aðgerðin hljómar svona: „Krafa verði gerð á hvert og eitt svið Reykjavíkurborgar, sem og fyrirtæki borgarinnar, að gera hjá sér heildargreiningu á notkun plastics og mismunandi plasttegundum. Aðilar setji sér markmið um að draga úr notkun plastics og skipta út plasttegundum eftir því sem hægt er. Horft verði til þess að velja vörur úr plasttegund sem er einsleit og hægt að endurvinnna, annars vegar, og hins vegar að hámarka hlutfall endurunnins plastics í vöru.“

Þessi aðgerð á að ná til allra stofnana borgarinnar og vera hvati til að draga úr plastnotkun og stuðla frekar að hringrás plastics.

- Í sömu skýrslu er aðgerð 10 þar sem miðað er að því að skerpa á umhverfisskilyrðum við innkaup og fylgja því eftir að umhverfisskilyrði verði sett. Með innkaupum er einnig hægt að stýra því hversu mikið plast er notað í starfsemi borgarinnar. Einnig var sér starfshópur um Græn innkaup og græn fjármál sem vann skýrslu og lagði til aðgerðir í tengslum við Græna planið. Starfshópurinn leggur til „að Reykjavíkurborg setji fram áherslur sem leiða til sjálfbærari innkaupa í innkaupastefnu Reykjavíkurborgar sem yrði fylgt



eftir með útfærðri aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum.“

- Samkvæmt Græna planinu og loftslagsáætlun borgarinnar eiga allir starfsstaðir borgarinnar að vera þátttakendur í Grænu skrefunum. Þar með skuldbinda þeir sig til þess að hlíta þeim skilyrðum sem þar eru sett í formi gátlista með aðgerðum. Tvær aðgerðir fjalla sérstaklega um plast:
 - „Vinnustaðurinn beitir sér fyrir því að draga úr notkun plastpoka og notar margnota burðarpoka í staðinn fyrir einnota.“
 - „Við kaupum ekki vörur sem innihalda plastagnir / örplast.“

En auk þess er hægt að fá vinnustaði til þess að draga úr plastnotkun í gegnum ýmsar aðrar aðgerðir eins og innkaupagreiningu, skilyrði um að ekkert einnota sé keypt, skilyrði um umbúðalausar veitingar, skilyrði um að vatn sé ekki borið fram í einnota flöskum heldur sem kranavatn á könnu, og tilmæli um að semja við birgja um að afhenda vörur í endurnýtanlegum umbúðum.

Allir vinnustaðir borgarinnar sem eru þátttakendur í Grænu skrefunum fá fræðslu um sörpflokkun og hvernig hægt er að uppfylla öll skilyrðin í Grænu skrefunum, hvað þau þýða og hver tilgangurinn með þeim sé.

Ný samræmd áætlun um söfnun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu (jan. 2022) gerir ráð fyrir því að plasti verði safnað sérstaklega við öll heimili á þessu ári. Nýjar merkingar koma á tunnum, aukið verður við fræðslu um flokkun og frágang í tunnum.

Hvað geta borgir gert til þess að draga úr plastnotkun og mengun af völdum plasts?

Borgir geta gert ýmislegt eins og að auka við hreinsun borgarlandsins, breyta ílátum þannig að komið verði í veg fyrir plastfok, auka fræðslu og virkja íbúa, framkvæmdaraðila og rekstraraðila til þess að hreinsa í kringum sig og sína starfsemi.

Við getum eftt og styrkt hringrásarhagkerfið með því að bjóða upp á valkosti í deilikerfi, viðgerðamiðstöðvar, endurnýtingarverslanir og ýmislegt í þeim dúr. Borgaryfirvöld geta einnig haft áhrif á neyslumynstur íbúa með skipulagi og staðsetningu verslana. Einnig getur Reykjavíkurborg tekið þátt í að styrkja eða stofna endurvinnslufyrirtæki eins og Plastplan og verið fyrirmynd í innkaupum og með þátttöku í Grænu skrefunum.

Lokaorð

Undirrituð hefur trú á því að þær aðgerðir sem borgin hefur þegar gripið til, auk nýjustu lagasetningar (frá júlí 2021) um bann við 10 einnota plasttegundum, muni minnka til muna plastnotkun í borginni og Tillögur starfshóps um hringrásarhagkerfið lofa einnig mjög góðu og gefa tilefni til bjartsýni. Ég hef reynt að tína til hér hvað felst í því að gera borgina plastlausu, hverjar séu áskoranirnar og hver séu tækifærin. Það eru mörg tækifæri til staðar og alltaf hægt að gera enn betur. Ég vil því hvetja alla hlutaðeigandi aðila til þess að horfa lengra og setja markið hátt.

Hildur Sif Hreinsdóttir

verkefnisstjóri Grænna skrefa
Skrifstofa umhverfisgæða
Umhverfis- og skipulagssviði
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.